

## SAMÞYKKT

### um kattahald í Rangárþingi eystra.

#### 1. gr.

Kattahald í Rangárþingi eystra sætir þeim takmörkunum sem fram koma í samþykkt þessari. Heilbrigðisnefnd Suðurlands fer með eftirlit með framkvæmd samþykktar þessarar. Fyrir hönd sveitarstjórnar annast eftirlitsmaður á hennar vegum framkvæmd og eftirlit samkvæmt samþykkt þessari í umboði og undir eftirliti heilbrigðisnefndar Suðurlands.

Sveitarstjórn skal halda skrá yfir ketti sem veitt er leyfi fyrir, þar sem fram koma upplýsingar um köttinn og eiganda hans eða umráðamann. Skráin skal vera aðgengileg heilbrigðisnefnd og dýraeftirlitsmanni, sé hann starfandi.

#### 2. gr.

##### *Um kattahald í dreifbýli.*

Kattahald í dreifbýli sætir að öllu jöfnu ekki takmörkunum. Þó getur sveitarstjórn, telji hún og héraðsdýralæknir brýna þörf á, takmarkað kattahald í dreifbýli. Sveitarstjórn er heimilt að beita ákvæðum samþykktar þessarar um kattahald í dreifbýli valdi viðkomandi kettir áreiti eða ónæði og telji héraðsdýralæknir eða dýraeftirlitsmaður þörf á.

#### 3. gr.

##### *Um kattahald í þéttbýli.*

Sveitarstjórn er heimilt að veita lögráða einstaklingum, sem búa í þéttbýli í sveitarfélaginu leyfi til kattahalds. Leyfið er bundið við nafn og heimilisfang viðkomandi einstaklings og óheimilt að framselja það. Leyfið er einnig bundið við þann kött sem sótt er um heimild fyrir hverju sinni. Ef köttur drepst eða er fluttur af svæðinu ber að tilkynna það. Ef eigendaskipti verða á ketti þarf að tilkynna það og sækja um nýtt leyfi fyrir köttinn.

- a. Eigendum katta ber að sækja um leyfi vegna kattahalds og að láta skrá ketti sína á skrifstofu Rangárþings eystra. Eigendur eða umráðamenn katta skulu merkja ketti sína í þéttbýli með hálsól með bjöllu og annaðhvort húðflúri í eyra eða örmerkingu, þar sem fram koma upplýsingar um skráningarnúmer kattar og símanúmer eiganda. Eigandi eða umráðamaður greiðir allan kostnað vegna skráningar og merkingar kattar síns.
- b. Við skráningu skal eigandi/umráðamaður framvísa vottorði frá dýralækni um örmerkingu eða húðflúrmerkingu, sbr. 3. mgr. 4. gr. reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.
- c. Ketti skal ormahreinsa og bólusetja reglulega skv. leiðbeiningum dýralækna. Skylt er að ormahreinsa alla ketti fjögurra mánaða og eldri. Eigendur skulu halda til haga vottorðum um reglulega ormahreinsun katta.
- d. Skilyrði fyrir kattahaldi í fjöleignarhúsum, ef um sameiginlegan inngang eða stigagang er að ræða, er að skriflegt samþykki sameigenda fjöleignarhúsa, sbr. ákvæði laga nr. 26/1994 um fjöleignarhús, liggi fyrir og skal leggja það fram við skráningu kattarins.
- e. Umhirða katta skal vera í samræmi við lög nr. 15/1994 um dýravernd og ákvæði reglugerðar nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.
- f. Kattareiganda er skylt að gæta þess að köttur hans valdi ekki tjóni, hættu, óþægindum, óþrifum eða raski ró manna. Leyfishafa ber að greiða það tjón sem köttur hans veldur, svo og allan kostnað við að fjarlægja dýrið gerist þess þörf.
- g. Óheimilt er að láta kött dvelja lengur en þrjá mánuði á heimili án þess að sótt sé um leyfi fyrir hann. Það fríar þó eiganda ekki ábyrgð á því tjóni sem kötturinn kann að valda meðan hann er óskráður.
- h. Ekki er leyfilegt að hafa fleiri en tvo ketti eldri en þriggja mánaða á sama heimili. Hægt er að veita undanþágu frá þessu ákvæði í sérstökum tilfellum, svo sem ef kettir eru ræktaðir í atvinnuskyni, sbr. reglugerð nr. 1077/2004 um aðbúnað og umhirðu gæludýra og dýrahald í atvinnuskyni.

- i. Gelda skal alla fressketti sex mánaða og eldri sem ganga lausir utan dyra.
- j. Leyfishafar skulu taka tillit til fuglalífs og ber að sjá til þess að kettir séu innandyra á nóttinni frá og með 20. apríl til 20. júlí.

## 4. gr.

*Óheimilir staðir.*

Óheimilt er að hafa ketti í opinberum stofnunum, skólahúsum, matvöruverslunum, vatnsveitum, vatnsbólum og verndarsvæðum þeirra, brunnum og sjóveitum eða öðrum þeim stöðum sem tilgreindir eru í fylgiskjali 3 í reglugerð nr. 941/2002 um hollustuhætti. Einnig er óheimilt að hleypa köttum inn í húsnæði matvælafyrirtækja, sbr. reglugerð nr. 103/2010 um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli, og inn í húsnæði vatnsveitna, sbr. reglugerð nr. 536/2001 um neysluvatn og reglugerð nr. 405/2004 um náttúrulegt ölkelduvatn og átappað lindarvatn.

## 5. gr.

*Handsömun katta.*

Ef köttur hverfur frá heimili sínu skal eigandi eða umráðamaður gera ráðstafanir til að finna hann.

Sveitarstjórn er heimilt að láta veiða ketti í búr í eftirfarandi tilfellum:

- a. þegar köttur er ómerktur, hvort sem er án hálsólar og/eða varanlegs merkis
- b. þegar ítrekað er kvartað undan ágangi katta á tilteknu svæði
- c. þegar köttur er haldinn án samþykkis í fjöleignarhúsi.

Meiriháttar fõngun villikatta í sveitarfélaginu skal auglýsa með a.m.k. sjö sólarhringa fyrirvara með tilmælum um að heimilisköttum sé haldið innandyra.

Ketti sem fangaðir eru skal færa í viðurkennda kattageymslu.

Ef ómerktur köttur er fangaður og ekki unnt að bera kennsl á hann skal auglýsa eftir eiganda hans. Gefi eigandi sig ekki fram innan sjö sólarhringa frá birtingu auglýsingar er heimilt að ráðstafa kettinum til nýs eiganda eða selja hann fyrir áföllnum kostnaði. Að öðrum kosti skal hann aflífaður eða honum ráðstafað til nýs eiganda.

Sé kvartað undan ágangi katta í sveitarfélaginu er dýraeftirlitsmanni heimilt að veiða í búr og láta aflífa ómerkta ketti, sbr. ákvæði 8. gr. reglugerðar nr. 1077/2004, án þess að það sé auglýst sérstaklega.

Ef merktur köttur sem lendir á flækingi er handsamaður af dýraeftirlitsmanni skal hann strax hafa samband við skráðan eiganda sem fær köttinn afhentan gegn greiðslu áfallins kostnaðar. Hafir eigandi kattarins ekki vitjað hans innan sjö sólarhringa og greitt áfallinn kostnað vegna handsömunar og vörslu dýrsins, skal dýrið aflífað.

Kattareigandi skal greiða handsömunar-, vörslu-, fóður- og aflífunargjald, ef til þess kemur skv. gjaldskrá um kattahald í sveitarfélaginu.

## 6. gr.

*Dýraeftirlitsmaður.*

Fyrir hönd sveitarstjórnar annast dýraeftirlitsmaður framkvæmd og eftirlit með kattahaldi í sveitarfélaginu Rangárþingi eystra. Dýraeftirlitsmaður starfar undir eftirliti og á ábyrgð heilbrigðisnefndar við sín eftirlitsstörf. Eftirlitsmaður getur leitað aðstoðar lögreglu við framkvæmd starfa sinna, ef köttur er að mati eftirlitsmanns hættulegur umhverfi sínu og/eða vörsluaðili kattarins hindrar starf eftirlitsmanns samkvæmt samþykkt þessari og almannahagsmunir og/eða heilbrigðis-sjónarmið valda því að nauðsynlegt er að leita atbeina lögreglu við að fjarlægja dýrið.

## 7. gr.

*Gjaldtaka.*

Greiða skal skráningargjald sem nemur sannanlegum kostnaði vegna skráningar kattarins.

Leyfisgjald fyrir kattahald skal greiða árlega til sveitarfélagsins, eftir gjaldskrá sem sveitarstjórn setur að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar Suðurlands samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga nr. 7/1998

um hollustuhætti og mengunarvarnir. Gjaldið skal ekki vera hærra en sem nemur rökstuddum kostnaði fyrir veitta þjónustu og eftirlit. Gjaldskrá skal birta í B-deild Stjórnartíðinda. Veittur er 15% afsláttur af leyfisgjaldi gegn framvísun vottorðs um ófrjósemisaðgerð hvort sem um er að ræða fress eða læðu.

Gjald skal greitt í fyrsta sinn við skráningu kattar, og síðan árlega. Gjaldddagi er 1. október ár hvert. Hafi gjaldið ekki verið greitt innan þriggja mánaða frá gjalddaga fellur leyfið sjálfkrafa úr gildi og heimilt er að fjarlægja köttinn að undangenginni skriflegri viðvörun.

Innifalið í skráningargjaldinu er ormahreinsun og merkisþjald. Eigandi dýrs ber kostnað af örmerkingu þess, hálsól með bjöllu o.þ.h.

8. gr.

*Þvingunarúrræði og viðurlög.*

Um valdsvið og þvingunarúrræði vísast til VI. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Við minniháttar brot á samþykkt þessari skal eigandi/leyfishafi kattarins sæta skriflegri áminningu og gefinn hæfilegur frestur til úrbóta. Ef um ítrekað eða meiriháttar brot er að ræða gegn ákvæðum þessarar samþykktar eða öðrum reglum sem um kattahald gilda getur sveitarstjórn afturkallað leyfi og bannað viðkomandi að halda dýr og látið fjarlægja dýrið. Skal eigandi/leyfishafi þá afhenda dýrið dýraeftirlitsmanni.

Sinni eigandi/leyfishafi samkvæmt samþykkt þessari ekki skriflegri áminningu eða brjóti endurtekið af sér er sveitarstjórn heimilt að svipta hann leyfi til gæludýrahalds.

Um brot gegn samþykkt þessari fer samkvæmt VIII. kafla laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

Um málskot fer samkvæmt lögum nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir.

9. gr.

*Lagagrundvöllur.*

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt 25. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir til þess að öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi samþykkt nr. 155/2006 um kattahald í Rangárþingi eystra.

*Umhverfis- og auðlindaráðuneytinu, 15. mars 2013.*

F. h. r.

**Sigurbjörg Sæmundsdóttir.**

\_\_\_\_\_ *Kjartan Ingvarsson.*